

## Hverfisnefnd Síðuhverfis

1. fundur. Mættir: Elín, Helga, Ingibjörg, Kristín, Drífa, Hannes og Dilla.

Fundarmenn söfnuðust saman við kastalann á lóð Síðuskóla og héldu þaðan í gönguferð um norðvesturhluta hverfisins og eftir Vestursíðu framhá Síðuseli og kringum “Rauða róló”. Kort af hverfinu var haft með í för og merkt inn á það. Almennu voru menn ánægðir með það sem fyrir augu bar en fannst þó brýnt að bæta úr sumu. T.d viljum við gjarnan fá fleiri málaðar gangbrautir á Vestursíðu og Bugðusíðu. Við vorum einnig sammála um að gera þyrfti ráð fyrir sparkvelli (gerfigras-KSÍ?) í nágrenni Síðuskóla. Fundarmenn voru sammála um það að syðsti hluti reitsins vestan við Kjalar- og Keilusíðu gæti hentað sem byggingarreitur en ekki sá hluti sem er ofan (vestan) við Síðuskóla. Sá hluti reitsins er tilvalinn sem gróðursvæði fyrir nemendur skólans og íbúa.

Okkur langar að gera tilraun með ný skilti við allar innkeyrsluleiðir í hverfið sem hvettu til minni hraðaksturs og tillitssemi við íbúana sérstaklega börnin, frekar en að setja upp 30 km. hverfi. Það má þá alltaf fara í það ef hitt gefur ekki nógu góða raun. Og að lokum voru menn sammála um það að brýnt væri að setja undirgöng undir Hlíðarbrautina gengt Teigarsíðu því þar væri aðaltengingin við Sundlaug Glerárskóla og Þórsvæðið.

Þar sem verið er að fara í gegnum “stígaleiðirnar” í bæjarkerfinu viljum við benda á stíg sem brýnt er að klára og liggur sá á milli Núpasíðu og Stapasíðu, austan við “rauða róló”. Planið við Síðusel og Síðubúð þarfnast aðgerða. Eigandi Síðu er ekki viss á því hve mikið hann á af þessum reit. Eitt vissi hann þó og það var að svæðið væri mikið notað undir geymslu stórra bíla og tækja sem væru í eigu bæjarins og fleiri.

Allt þetta merktum við inn á kort fyrir viðkomandi aðila hjá bæjarkerfinu. Fundarmenn voru ánægðir með þau opnu svæði sem notuð eru undir leik og finnst gott hjá bæjaryfirvöldum að koma fyrir mörkum og öðrum leiktækjum á sem flestum þeirra. Undir lok fundarins var ákveðið að formaður nefndarinnar yrði Elín Elísabet Magnúsdóttir og ritari Dýrleif Skjöldal.

Fleira var ekki fært til bókar.

Næsti fundur ákveðinn mánudag 21.06. kl. 20.00 en honum var sðan frestað vegna mikillar fjarveru fundarmanna.

Dýrleif Skjöldal.